



Allsherjarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v. Templarasund
150 Reykjavík

Ísafirði, 17. mars 1997.

Alþingi

Erindi nr. Þ 121/1165

komudagur 20/3 1997

Með bréfi frá formanni allsherjarnefndar Alþingis dags. 20. f.m. voru frumvarp um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar (mál nr. 301) og um biskupskosning (mál nr. 302) send Ísafjarðarsókn til umsagnar.

Á fundi sóknamefndar 11. þ.m. var samþykkt að fela undirrituðum að svara því til, að sóknamefndin styddi breytingartillögu sem kom fram á aukakirkjubingi varðandi síðari málsgrein 39. greinar frumvarps til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Þar er lagt til að síðari málsg. 39. gr. hljóði svo:

“Embætti sóknarprests og prests skv. 34. gr. skal veitt skv. ákvæðum laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70/1996.”

Þetta býðir að sóknamefnd leggst alveg gegn því að sóknarprestar og aðrir prestar verði skipaðir í embætti ótímabundið og án uppsagnarákvæða.

Undirritaður hefur fengið í hendur álit Samtaka sóknamefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum og Leikmannastefnu hinnar íslensku þjóðkirkju varðandi framangreint lagafrumvarp (mál nr. 301). Þetta álit er mjög vel unnið og að dómi undirritaðs því algerlega einsýnt að styðja beri anda þess og allar meginniðurstöður, m.a. varðandi breytingar á 19. gr., 20. gr., 27. gr., 37. gr., 38. gr., 39. gr. (sjá ofangreinda samþykkt sóknamefndar Ísafjarðar), 51. gr., 52. gr., 54. gr., 56. gr. og 59. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst

Björn Teitsson

Björn Teitsson, formaður sóknamefndar
Aðalstræti 20, 400 Ísafjörður